

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku til vegaf framkvæmda.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964—65.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka erlend eða innlend lán, að upphæð allt að 135.5 milljónir, til framkvæmda á eftirgreindum þjóðvegum:

1. Reykjanesbraut	115.0 millj. kr.
2. Siglufjarðarvegur	13.0 — —
3. Múlavegur	4.5 — —
4. Ólafsvíkurvegur um Enni	3.0 — —
	135.5 millj. kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Reykjanesbraut:

Fyrir liggur áætlun um kostnað við að fullgera Reykjanesbraut frá Engidal við Hafnarfjörð að bæjarmörkum í Keflavík:

1. Stofnkostnaður við að fullgera veginn	115.2 millj. kr.
2. Vextir og kostnaður af föstum lánnum til ársloka 1964	19.1 — —
	Alls 134.3 millj. kr.

Áætlað er að fresta megi til ársins 1967 framkvæmdum ofan við Hafnarfjörð, sem nema um 16.6 millj. kr., og lækkar þá stofnkostnaður í ár að sama skapi. Miðað við að það verði gert, þá er gert ráð fyrir eftirfarandi fjáröflun í ár:

1. Fjárveiting í vegáætlun	6.8 millj. kr.
2. Framlag varnarliðsins	0.3 — —
3. Lánsfé	115.2 — —
	Alls 122.3 millj. kr.

Samkvæmt þessum kostnaðaráætlunum, sem gerðar voru s. l. haust, myndi lánsfjárförf vegna Reykjanesbrautar, á þessu ári, nema 110.6 millj. kr.

Vegna verðhækkana, sem síðan hafa orðið, þykir rétt að miða lántökuheimildina við 115 millj. kr.

Siglufjarðarvegur:

Í greinargerð með till. til þingsályktunar um vegáætlun fyrir 1965—1968 er áætlað, að beinn kostnaður við að ljúka lagningu Siglufjarðarvegur frá Brúna-stöðum í Fljótum til Siglufjarðar verði 12.0 m.kr. í ár og 11.4 m.kr. á næsta ári. Þar sem þegar hafa verið tekin 5.15 m.kr. lán til vegarins er áætlað, að taka þurfi 11.4 m.kr. lán til framkvæmda í ár til viðbótar 1.5 m.kr. fjárveitingu í vegáætlun.

Rétt þykir þó að miða lánsheimildina við 13.0 m.kr., þar sem kostnaðaráætlanir eru frá s. l. ári og að verkið hefur verið boðið út og því nokkur óvissa um hvernig tilboð muni verða.

Múlavegur:

Í greinargerð með till. til þingsályktunar um vegáætlun 1965—1968, er beinn kostnaður við að ljúka lagningu Ólafsfjarðarvegur um Ólafsfjarðarmúla í ár áætlaður 5.1 m.kr. Þar við bætast greiðslur vaxta og afborgana af föstum lánnum til vegarins, sem áætlaðar eru 450 þús. kr. og verður því heildarfjárförfin 5.55 m.kr. Af þessu fé er áætlað að af vega- og brúafé í vegáætlun fáiast 1.55 m.kr., en taka þurfi 4.0 m.kr. framkvæmdalán.

Rétt þykir þó að miða lánsheimildina við 4.5 m.kr., þar sem kostnaðaráætlanir eru frá s. l. ári.

Ólafsvíkurvegur um Enni:

Framkvæmdum við lagningu vegar um Ólafsvíkurenni var lokið í ársbyrjun 1964 og varð heildarkostnaður við lagningu vegarins 15.2 m.kr. eins og greint er í greinargerð með till. til þingsályktunar um vegáætlun fyrir 1965—1968. Í fjárl. fyrir 1964 var á 22. gr. lið XX heimild til 12.0 m.kr. lántöku vegna þessa vegar og er því hér leitað eftir 3.0 m.kr. viðbótarlánsheimild.